

Miðvikudaginn 24. nóvember 1976.

Nr. 108/1975. **Helgi Indriðason**

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

gegn

Dánarbúi Kristjáns Jónssonar og gagnsök

(Skúli Pálsson hrl.).

Dó m e n d u r:

hæstaréttardómarmennir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Bifreiðaárekstur. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 2. september 1975. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 15. september 1975. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum 107.407 krónur með 9% ársvöxtum frá 20. maí 1973 til 16. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Kristján Jónsson andaðist eftir uppsögu héraðsdóms, og hefur dánarbúi hans tekið við aðild málsins samkvæmt 58. gr. laga nr. 75/1973, sbr. 2. mgr. 53. gr. laga nr. 85/1936.

Nókkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Í máli þessu sækir gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda um fébætur vegna árekstrar bifreiða málsaðilja hinn 20. maí 1973.

Ökumaður bifreiðar gagnáfrýjanda, A 4410, sætti 15 daga varðhaldi vegna aksturs síns í umrætt skipti með dómi sakaðóms Dalvíkur 21. ágúst 1974. Var atferli hans talið varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. laga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. laga nr. 82/1969. Þá var hann sviptur ökuréttindum sínum ævilangt.

Ökumaður bifreiðar aðaláfrýjanda, A 1298, gekkst undir

5.000 króna sekt vegna aksturs síns 20. maí 1973 með dóms-sátt í sakadómi Dalvíkur 19. mars 1975. Var atferli hans talið varða við 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 3. og 4. mgr. 47. gr. og 1. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. laga nr. 40/1968.

Kröfur sínar í máli þessu byggir aðaláfrýjandi á því, að ökumenn bifreiðanna A 1298 og A 4410 hafi í umrætt sinn verið í kappakstri. Með því atferli hafi ökumenn beggja bifreiðanna tekið á sig áhættu, sem firri eigendur bifreiðanna rétti til bóta.

Ósannað er, að ökumaður A 4410 hafi verið í kappakstri við ökumann A 1298. Sýknukrafa aðaláfrýjanda verður þegar af þeirri ástæðu ekki tekin til greina.

Aðaláfrýjandi heldur því einnig fram, að ökumaður A 4410 hafi ekið of hratt og vanrækt að gefa til kynna með stefnuljósum, að hann hygðist beygja inn á Hafnarstíg. Þá sé það og leitt í ljós, að hann hafi bæði verið ölvaður og vansvefta. Þykir mega líta svo á, að aðaláfrýjandi krefjist þess, að sök verði skipt samkvæmt 68. gr. laga nr. 40/1968, ef eigi verði fallist á sýknukröfu hans.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, hefur ökumaður A 1298 lýst því, að hraði bifreiðar hans hafi verið um 50—60 km miðað við klukkustund, þegar áreksturinn varð, en þá hafi hann verið búinn að draga úr hraðanum. Tveir farþegar í A 1298 hafi áætlað, að hraði þeirrar bifreiðar hafi verið allt að 70 km miðað við klukkustund fyrir áreksturinn, og að þeim hafi fundist eins og ökumaðurinn ætlaði að aka fram úr A 4410 hægra megin. Þá hafa tveir sjónarvottar að athurðinum áætlað hraða bifreiðanna 50—70 km miðað við klukkustund. Telja þeir, að A 4410 hafi verið ekið á miðjum hægri vegarhelmingi.

Ökumaður A 4410 hefur talið, að hann hafi ekið með um 60 km hraða miðað við klukkustund á Hafnarbrautinni, en hann hafi dregið mjög úr hraðanum, er kom að gatnamótum Hafnarstígs, og sveigt til hægri. Hafi hraðinn þá verið um 20—30 km miðað við klukkustund. Hann kveðst hafa gefið stefnuljós til hægri, áður en hann beygði, en ekki er það stutt öðrum gögnum.

Ljóst er, að báðir ökumennirnir óku of hratt og gálauslega í umrætt sinn. Samkvæmt sakargögnum verður við það að miða, að ökumaður A 1298 hafi ætlað að aka fram úr A 4410 hægra megin, andstætt ákvæðum 4. málsg. 47. gr. laga nr. 40/1968. Sannað er, að ökumaður A 4410, sem samkvæmt blóðrannsókn var undir nokkrum áfengisáhrifum, hafi sveigt skyndilega og án þess að gefa stefnuljós til hægri inn að Hafnarstíg. Þegar þetta er virt, þykir mega fallast á úrlausn héraðsdómara um sakarskiptingu. Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um fjárhæð og vexti.

Dæma ber aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 50.000 krónur.

Það athugast, að engin ástæða var til að dæma mál þetta með samdómendum.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, Helgi Indriðason, greiði gagnáfrýjanda, dánarbúi Kristjáns Jónssonar, 53.704 krónur með 9% ársvöxtum frá 20. maí 1973 til 16. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og 50.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. júní 1975.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 29. maí 1975, hefur Kristján Jónsson, Bárugötu 4, Dalvík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 2. janúar 1974, gegn Helga Indriðasyni, Smáravegi 6, Dalvík, og Samvinnutryggingum g/t til réttargæslu.

Dómkröfur stefnanda eru nú þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 107.407.50 ásamt 9% ársvöxtum frá 20. maí 1973 til 16. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda í málinu og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Á hendur réttargæslustefnda eru eigi gerðar kröfur í málinu.

Eigi eru heldur kröfur gerðar af hans hálfu.

Tildrög málsins eru þau, að sunnudaginn 20. maí 1973, um kl. 1330, varð bifreiðaárekstur við gatnamót Hafnarbrautar og Hafnarstígs á Dalvík milli A 4410 og A 1298. Er fyrrnefnda bifreiðin Moskwitch fólksbifreið, eign stefnanda, en A 1298 er Willys jeppi, eign stefnda. Bifreiðunum óku synir eigendanna.

Atvik að árekstrinum voru þau, að bifreiðunum var ekið norður Hafnarbraut á miklum hraða, og var A 4410 á undan. Er að nefndum gatnamótum kom, var A 4410 skyndilega sveigt til hægri inn á Hafnarstíg, en í sama mund hugðist ekill A 1298 aka fram úr bifreiðinni hægra megin. Rakst vinstra framhorn A 1298 í hægri hlið A 4410, og bárust bifreiðarnar síðan norður yfir þveran Hafnarstíg og höfnuðu þar utan vegar. Virðist A 4410 þá hafa verið búin að snúast til hægri í nærri hálfhring. Bifreiðarnar skemmdust mikið.

Sighvatur Kristjánsson, ökumaður bifreiðarinnar A 4410, hefur komið fyrir dóm í máli þessu og staðfest skýrslu sína á dskj. nr. 4, sem lögreglan á Dalvík tók af honum. Hann kvaðst og telja vettvangsuppdrátt réttan. Ökumaðurinn kvaðst í greint sinn hafa ekið af Skíðabraut og inn á Hafnarbraut og síðan norður Hafnarbraut. Eftir að hann kom inn á Hafnarbraut, kvaðst hann hafa séð bifreiðina A 1298 nokkurn spöl á eftir sér. Hann kvaðst hafa aukið ferð sína á steyptum kafla Hafnarbrautar upp í ca 60 km á klst., en dregið aftur úr ferðinni, þegar komið var norður af steypta kaflanum. Kvaðst hann telja, að hraði bifreiðar sinnar hafi ekki verið yfir 20—30 km á klst., þegar hann byrjaði að beygja inn á Hafnarstíg, enda sé um krappa beygju að ræða. Ökumaðurinn kvaðst ekki hafa veitt bifreiðinni A 1298 neina athygli, þegar ekið var norður Hafnarbraut, og neitar því að hafa verið í neinum kappakstri við hana. Hann kvaðst hafa verið vel hægra megin á götunni og ekkert sveigt til vinstri, áður en hann byrjaði að beygja til hægri inn á Hafnarstíg. Hann kveðst telja sig hafa gefið stefnumerki til hægri, áður en hann kom að umræddum gatnamótum. Hann segist ekki hafa neytt vins fyrir aksturinn þennan dag, en það hafi hann hins vegar gert kvöldið áður á dansleik. Hann kveðst ekki hafa fundið til neinna áfengisáhrifa við aksturinn. Við blóðrannsókn hafi komið í ljós að ólöglegt áfengismagn var í blóði hans, og kveður hann það mál hafa verið afgreitt í sakadómi með sekt og ökuleyfisvippingu. Ökumaðurinn kveðst ekki telja, að áfengi það, sem mældist í blóði hans, hafi átt neinn þátt í árekstrinum. Hann kvaðst þekkja

ökumann A 1298, en kvaðst ekki minnst þess að hafa hitt hann neitt fyrir áreksturinn og ekkert samband hafi þeir haft sín á milli. Ökumaðurinn segir, að nokkuð mikil lausamöl hafi verið á Hafnarbraut norðan við steypa kaflann.

Indriði Helgason, ökumaður bifreiðarinnar A 1298, hefur og komið fyrir dóm í málinu og staðfest framburð sinn fyrir lög-reglu, sbr. dskj. nr. 4 í málinu, og kveður þar rétt frá skýrt. Hann kvaðst hafa ekið á eftir bifreiðinni A 4410 af Skíðabraut og inn á Hafnarbraut og síðan norður Hafnarbrautina. Ekki kvaðst hann muna, hvar hann byrjaði að aka á eftir A 4410. Hann sagði, að þeir hafi ekið hratt, en kvaðst ekki vita hve hratt. Ökumaðurinn kvaðst telja, að ökumaður A 4410 hafi vitað af því, að hann ók á eftir honum um Hafnarbraut, en kvaðst þó ekki vita það. Hann kvað sig ráma í, að hann hafi rætt við ökumann A 4410 uppi í Bjarkarbraut, en kvaðst ekki muna, hvað þeim fór á milli. Hann kvaðst telja, að um kappakstur hafi verið að ræða, en kvaðst ekki geta skýrt það nánar en það, að þeir hafi ekið hvor á eftir öðrum. Ökumaðurinn sagði, að bilið milli bifreiðanna hafi ekki verið stutt, fyrr en komið var norður fyrir steypa kaflann, en þá hafi það minnkað, og taldi hann, að bilið hafi minnkað vegna þess, að ökumaður A 4410 hafi hægt ferðina. Hann sagði, að engin merkjagjöf hafi farið fram á milli sín og ökumanns A 4410.

Vitnið Þórir Stefánsson kvaðst umrætt sinn hafa ekið bifreið sinni suður Hafnarbraut. Er hann var staddur austan ÚKE (Útibús Kaupfélags Eyfirðinga), hafi hann séð til ferða tveggja bifreiða, er komu á móti nokkuð langt sunnar á götunni. Virtist vitninu ökuhraði bifreiðanna óeðlilega mikill og stöðvaði því bifreið sína, en hann kvað mikinn rykmökk hafa fylgt bifreiðum þessum. Vitninu virtist bifreiðin, sem á undan fór, A 4410, hafa verið á miðjum hægri vegarhelmingi, en sú, er á eftir fór, hafi verið við hægri vegarbrún. Virtist vitninu sú bifreið vera að draga hina uppi. Er bifreiðarnar komu að mótum Hafnarbrautar og Hafnarstígs, hafi A 4410 skyndilega verið sveigt til hægri inn á Hafnarstíg og það hafi engum togum skipt, að bifreiðarnar skullu saman. Vitnið sá ekki, hvort ekill A 4410 gaf stefnumerki, áður en hann beygði. Vitnið treystir sér ekki til að fullyrða, hver ökuhraði bifreiðanna var, en kveðst geta ætlað, að hann hafi verið 50 km miðað við klst., er áreksturinn varð, en þá hafi eitthvað verið búið að draga úr ökuhraða A 4410.

Vitnið Leifur Björnsson, sem var farþegi í A 1298 í umrætt

sinn, hefur skýrt svo frá, að bifreiðarstjórinn hafi aukið hraðann, er hann ók af Skíðabraut inn á Hafnarbraut. Giskar hann á, að ökuhraðinn hafi verið allt að 70 km miðað við klst. Þeir hafi stöðugt nálgast A 4410, eftir því sem norðar dró, og er að umræddum gatnamótum kom, hafi verið skammt orðið milli bifreiðanna, en skyggni hafi verið lélegt vegna rykmakkar frá A 4410. Er ekill A 1298 hugðist aka fram úr A 4410 við gatnamótin, hafi A 4410 verið sveigt skyndilega til hægri inn á Hafnarstíg í veg fyrir A 1298.

Í skýrslu Reimars Þorleifssonar, lögreglumanns á Dalvík, sem annaðist rannsókn á tildrögum áreksturs þessa, segir, að við yfirheyrslu yfir Sighvati Kristjánssyni, ökumanni A 4410, skömmu eftir áreksturinn, hafi komið í ljós, að nokkra áfengislykt lagði af honum. Hafi hann gefið þá skýringu, að hann hafi verið við áfengisdrykkju nóttina áður, en eigi neytt áfengis eftir kl. 0400. Skýrslu sína og afstöðuupprátt hefur lögreglumaðurinn staðfest fyrir dómi.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að bifreiðarstjóra A 1298 megi alfarið kenna um áreksturinn vegna ólöglegs og hættulegs aksturs hans, og sé eigandi bifreiðarinnar því skaðabótaskyldur, sbr. 67. gr. og 69. gr. umferðarlaga. Brot bifreiðarstjórans heyrir einkum undir 3. mgr. 47. gr. og 49. gr. umferðarlaga.

Af hálfu stefnda er sýknukrafan á því reist, að eigi sé aðeins við báða bifreiðarstjórana að sakast um áreksturinn, heldur sé sök beggja þannig vaxin, að eigi verði gert þar upp á milli og eigi því báðir fulla sök, en í slíku tilfelli sé engum bótarétti til að dreifa.

Samkvæmt því, sem að framan hefur verið rakið, er ljóst, að ökumenn beggja bifreiðanna, sem um ræðir í málinu, hafa í verulegum atriðum gerst brotlegir við umferðarlög og reglur í umrætt sinn og með þeirri háttsemi sinni valdið árekstrinum. Að öllu framanrituðu athuguðu þykir rétt, að hvor aðilja beri sök að hálfu.

Fjárhæð stefnukröfu hefur ekki verið mótmælt sérstaklega. Ber því að dæma stefnda til að greiða stefnanda helming hennar, eða kr. 53.704, ásamt 9% ársvöxtum frá 20. maí 1973 til 16. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 26.000.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan

ásamt meðdómendum Haraldi Þórðarsyni bifreiðasmíðameistara og Jan Jansen bifvélaþvirkameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Helgi Indriðason, greiði stefnanda, Kristjáni Jónssyni, kr. 53.704 með 9% ársvöxtum frá 20. maí 1973 til 16. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 26.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 26. nóvember 1976.

Nr. 132/1974. Aðalsteinn Gíslason og

Ingiríður Leifsdóttir

(Ragnar Jónsson hrl.)

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík

(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurðsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Skattamál. Gagnkvæm ábyrgð hjóna á sköttum. Lögtak. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur áfrýjuðu máli þessu með stefnu 10. júlí 1974. Krefjast þeir þess aðallega, að hrundið verði lögtaksgerð 25. júní 1974. Til vara er þess krafist, „að lögtakið gagnvart Ingiríði Leifsdóttur verði aðeins leyft fyrir kr. 359.141 að frádregnu kirkjugarðsgjaldi kr. 1.173, kirkjugjaldi kr. 1.000 og viðlagagjaldi kr. 5.800“. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hinnar áfrýjuðu lögtaksgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda. Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn.